

2025

Fimmtudaginn 12. júní 1997.

Nr. 346/1996.

Hreppsnefnd Grímsneshrepps

(Skúli Pálsson hrl.,

Sigurður Jónsson hdl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

dánarbúi Snæbjörns Guðmundssonar

(Ásgeir Magnússon hrl.) og

Stangaveiðifélagi Reykjavíkur

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

og

Stangaveiðifélag Reykjavíkur

gegn

hreppsnefnd Grímsneshrepps

Jarðalög. Forkaupsréttur. Sveitarstjórn. Stjórnsýsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. september 1996. Krefst hann þess, að ógiltur verði með dómi úrskurður landbúnaðarráðherra frá 13. júní 1995 um, að ákvörðun aðaláfrýjanda frá 3. apríl 1995 um að neyta forkaupsréttar að jörðinni Syðribrú í Grímsneshreppi sé felld úr gildi, svo og verði ógilt viðurkenn-ing ráðuneytisins á því, að aðaláfrýjandi hafi glatað rétti sínum til að neyta forkaupsréttar síns að jörðinni. Einnig krefst hann þess, að viðurkennt verði með dómi, að aðaláfrýjandi hafi rétt til að neyta forkaupsréttar samkvæmt ákvörðun sinni 25. apríl 1995. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda og stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 14. nóvember 1996, og krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að málskostnaður sér til handa verði hækkaður. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu íslenska ríkið og dánarbú Snæbjörns Guðmundssonar krefjast hvort um sig staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Eins og mál þetta liggur fyrir, er það til sjálfstæðrar úrlausnar á grundvelli málflutnings aðilanna, hvort aðaláfrýjandi hafi á lögmæt- an hátt fjallað um forkaupsréttarboð að jörðinni Syðribrú í Gríms- nesi á grundvelli kaupsamnings milli stefnda dánarbús Snæbjörns Guðmundssonar og gagnáfrýjanda frá 20. febrúar 1995 og hvort hann hafi enn rétt til að taka afstöðu til forkaupsréttarins. Land- búnaðarráðuneytið úrskurðaði 13. júní 1995 um ágreining aðila. Að lögum ber ekki nauðsyn til, að dómur gangi um þann úrskurð, enda gat ráðuneytið ekki annað en ógilt eða staðfest ákvörðun áfrýjanda, en ekki breytt efni hennar.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er fallist á þá niður- stöðu hans, að hinu stefnda dánarbúi Snæbjörns Guðmundssonar hafi verið heimilt að kæra ákvörðun aðaláfrýjanda um nýtingu for- kaupsréttar að jörðinni Syðribrú í Grímsneshreppi til landbúnaðar- ráðuneytisins.

Í hinum áfrýjaða dómi er greint frá atburðum í framhaldi þess, að aðaláfrýjanda var boðinn forkaupsréttur að framangreindri jörð með bréfi 27. mars 1995. Ágreiningur er um það með aðilum máls- ins, hvort ákvörðun um nýtingu forkaupsréttarins hafi verið tekin 3. apríl 1995, þegar bókað var, að hreppsnefnd samþykkti „að nýta sér forkaupsrétt að jörðinni Syðribrú í Grímsneshreppi að uppfylltum lagaskilyrðum, ...“ eða 25. sama mánaðar, þegar bókað var í fram- haldi af frásögn um kæru hins stefnda dánarbús á ákvörðuninni frá 3. apríl til landbúnaðarráðuneytisins, að hreppsnefnd stæði „við ákvörðun sína frá 3. apríl 1995 varðandi forkaupsrétt að jörðinni Syðribrú ...“

Eftir samþykktina 3. apríl 1995 var stefnda dánarbúi Snæbjörns Guðmundssonar kynnt hún og óskað eftir athugasemdum, ef um þær væri að ræða, fyrir 24. apríl. Á það verður að fallast með héraðsdómara, að ósannað sé, að aðaláfrýjandi hafi kynnt gagn- áfrýjanda samþykkt þessa, og ljóst er, að honum var ekki gefinn kostur á að tjá sjónarmið sín, áður en umfjöllun aðaláfrýjanda um málið lauk. Fyrir liggur hins vegar í málinu, að gagnáfrýjandi hafði 19. apríl 1995 fengið afrit af bréfi aðaláfrýjanda til hins stefnda

dánarbús, þar sem tilkynnt var um ofangreinda samþykkt. Af því tilefni ritaði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda bréf 21. apríl 1995, þar sem kvartað var undan því, að gagnáfrýjanda hefði ekki verið gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, áður en aðaláfrýjandi tók ákvörðun sína. Ekki var tekið tillit til þessarar umkvörtunar, og bréf þetta var ekki lagt fram við umfjöllun aðaláfrýjanda um málið á fundinum 25. apríl 1995. Hins vegar var það lagt fram síðar á fundinum undir liðnum „önnur mál“. Aðilum kaupsamningsins var ekki tilkynnt sérstaklega um samþykkt fundar aðaláfrýjanda 25. apríl 1995.

Þá kröfu varð að gera til aðaláfrýjanda, að áður en til endanlegrar meðferðar kæmi á umræddu forkaupsréttarboði, yrði málið rækið kannað og aðilum gefinn kostur á að koma að öllum sjónarmiðum sínum. Þetta var og nauðsynlegt, til að aðaláfrýjanda væri unnt að meta, hvort nýting forkaupsréttar af hans hálfu samrýmdist tilgangi jarðalaga nr. 65/1976. Hvað sem líður tímasetningu endanlegrar ákvörðunar, verður að fallast á það með héraðsdómara, að aðaláfrýjandi hafi ekki gætt þeirra skyldna, sem á honum hvíldu í þessum efnum, og er í héraðsdómi réttilega vísað til 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, en hér bar einnig að hafa í huga 12. gr. sömu laga. Ákvörðunin gat því ekki verið gild.

Aðaláfrýjandi hafði samkvæmt 32. gr. jarðalaga 30 daga frest til að svara forkaupsréttarboðinu. Samkvæmt framansögðu skorti á, að aðilum kaupsamningsins væri tilkynnt um, að aðaláfrýjandi hygðist nýta sér réttinn. Ber því að líta svo á, að hann hafi í þetta sinn glatt að þessum rétti.

Samkvæmt þessu verður héraðsdómur staðfestur. Þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, hreppsnefnd Grímsneshrepps, greiði gagnáfrýjanda, Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, og stefndu, íslenska ríkinu og dánarbúi Snæbjörns Guðmundssonar hverjum um sig 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Ákvörðun hreppsnefndar Grímsneshrepps á aukafundi 3. apríl 1995 um að nýta forkaupsrétt að jörðinni Syðribrú verður ekki metin endanleg, heldur sýnist hún hafa átt að vera undir því komin, að lagaskilyrði gætu talist uppfyllt eftir nánari könnun á málavöxtum og sjónarmiðum aðila ásamt því, er annars laut að grundvelli forkaupsréttarins. Þegar nefndin tók málið aftur til meðferðar á reglulegum fundi 25. sama mánaðar, hafði seljandi að jörðinni þegar látið í ljós, að hann hygðist kæra þessa ákvörðun til landbúnaðarráðherra án frekari umsvifa, og verður að meta bókanir á fundinum í ljósi þess. Vegna kærunnar var það og skiljanlegt að nokkru marki, að nefndin gerði ekki sérstakar ráðstafanir til að tilkynna aðilum um niðurstöður síðari fundarins, sem naumast gátu fram hjá þeim farið, eins og á stóð.

Um nauðsyn slíkrar tilkynningar á því stigi og aðra meðferð málsins er þess einnig að gæta, að aðilar sjálfir höfðu ekki lagt neitt af mörkum að fyrra bragði til að skýra afstöðu sína eða markmið með kaupunum, heldur aðeins sent sveitarstjórninni kaupsamning sinn ásamt undanfarandi kauptilboði. Mátti þó vel ætlast til, að einhver greinargerð yrði látin fylgja þessum skjölum, þó að ekki væri nema í átt að því, sem almennt horfir til skýrleika í viðskiptum, hvort heldur við stjórnvöld eða einkaaðila. Átti það einkum við með tilliti til þess, að hinn fyrirhugaði kaupandi var lögaðili, sem hafði ekki rekstur bújarða eða fasteigna að markmiði eftir samþykktum sínum. Má gera því skóna, að hreppsnefndarmönnum hafi verið um þetta kunnugt, og höfðu þeir ekki ástæðu til að ætla að óreyndu, að félagið væri sérstaklega til þess fallið að nýtja jörðina í samræmi við kosti hennar og hagsmuni byggðarlagsins.

Þegar þetta er virt ásamt öðru, sem máli skiptir, verður að fallast á það með aðaláfrýjanda, að tilkall hans til forkaupsréttar að jörðinni í þetta sinn geti ekki talist fallið niður vegna vinnubragða hans í apríl 1995, sem að vísu voru óhöndugleg, eða vanrækslu um að gæta réttarins þá eða síðar. Ber að taka til greina kröfu hans um ógildingu á niðurstöðum landbúnaðarráðuneytisins í úrskurði 13. júní 1995, þar sem fyrstnefnd ákvörðun aðaláfrýjanda var felld úr gildi

og það viðurkennt, að hann hefði glatað forkaupsrétti sínum. Hins vegar eru engin efni til að leysa úr því í þessu máli, hvort aðaláfrýjanda sé annars heimilt að lögum að neyta réttarins, og ber að hafna þeirri kröfu hans, sem að því lýtur. Rétt er eftir atvikum, að hver aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 24. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. apríl sl., hefur hreppsnefnd Grímsneshrepps, kt. 580169-1719, Félagsheimilinu Borg, Grímsneshreppi, höfðað fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur landbúnaðarráðherra, kt. 710169-0559, Sölvhólgötu 7, Reykjavík, db. Snæbjörns Guðmundssonar, kt. 031197-0588, Selfossi, og Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, kt. 620269-3799, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

I.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að ógiltur verði með dómi sá úrskurður stefnda landbúnaðarráðherra frá 13. júní 1995, að felld sé úr gildi ákvörðun hreppsnefndar Grímsneshrepps frá 3. apríl 1995 um að neyta forkaupsréttar að jörðinni Syðribrú, Grímsneshreppi, í tilefni kaupsamnings db. Snæbjörns Guðmundssonar og Stangaveiðifélags Reykjavíkur og að viðurkennt sé, að hreppsnefnd Grímsneshrepps hafi glatað rétti sínum til að neyta forkaupsréttar að jörðinni samkvæmt sama kaupsamningi.

2. Að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi hafi rétt til að neyta forkaupsréttar skv. nefndum kaupsamningi og ákvörðun sinni þar um 25. apríl 1995.

3. Krafist er málskostnaðar úr hendi stefndu.

Af hálfu stefnda landbúnaðarráðherra er krafist sýknu og að til dæmdur verði málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati réttarins.

Að hálfu stefnda Stangaveiðifélags Reykjavíkur eru gerðar þær dómkröfur, að stefndu verði allir sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda Stangaveiðifélagi Reykjavíkur málskostnað eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda db. Snæbjörns Guðmundssonar eru gerðar þær dómkröfur, að stefndu verði allir sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, og að stefnanda verði gert að greiða stefnda db. Snæbjörns Guðmundssonar málskostnað eftir mati dómsins.

II.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, að í samræmi við kauptilboð, dags. 13. janúar 1995, og eftirfarandi kaupsamning, dags. 20. febrúar s. á., keypti

stefndi Stangaveiðifélag Reykjavíkur (SVFR) jörðina Syðribrú af db. Snæbjörns Guðmundssonar með fyrirvara um samþykki Grímsneshrepps og jarðanefndar Árnessýslu. Skiptastjóri dánarbúsins sendi stefnanda samninginn með bréfi, dagsettu 27. mars 1995, og var hann tekinn fyrir á reglulegum fundi hreppsnefndarinnar 28. mars 1995. Í fundargerð hreppsnefndar undir 6. lið með fyrirsögninni Kaupsamningur vegna Syðribrúar – er eftirfarandi bókað:

„Lagður er fram til kynningar samningur vegna db. Snæbjörns Guðmundssonar og Stangaveiðifélags Reykjavíkur, að upphæð 16.600 kr.“ (sic).

Þá segir í stefnu, að ákveðið hafi þá verið að boða til aukafundar um málið, en ekki hefur sú ákvörðun verið færð til bókar.

Hinn 3. apríl 1995 var haldinn fundur hreppsnefndar Grímsneshrepps, og var á þeim fundi bókað:

„Hreppsnefnd Grímsneshrepps samþykkir að nýta sér forkaupsrétt að jörðinni Syðribrú, Grímsneshreppi, skv. fram lögðum kaupsamningi, dagsettum 20. febrúar 1995, fyrir 16.600.000 kr. að uppfylltum lagaskilyrðum. Kaupsamningur barst hreppsnefnd 28. mars 1995. Samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum.“

Var þessi ákvörðun samdægurs tilkynnt skiptastjóra hins stefnda dánarbús, sem framsent hafði samninginn til stefnanda, og hann beðinn að senda stefnanda athugasemdir sínar fyrir 24. apríl 1995, ef hann hefði einhverjar. Jafnframt var að sögn stefnanda afrit bréfsins sent stefnda SVFR, en stefndi SVFR heldur því fram, að ekkert slíkt bréf hafi borist sér. Þá heldur stefnandi því fram, að oddviti stefnanda hafi rætt í síma við formann stefnda SVFR, sem þá hafi verið staddur í veiðihúsi stefnanda við Ásgarð, og hefði hann engar athugasemdir haft fram að færa, enda var forkaupsrétturinn nýttur án nokkurra breytinga á samningsákvæðum. Af hálfu stefnda Stangaveiðifélags Reykjavíkur er synjað fyrir, að slíkt símtal hafi farið fram.

Stefnandi heldur því fram, að endanlega hafi ákvörðun um að nýta forkaupsréttinn verið tekin á fundi stefnanda 25. apríl 1995, en þá hafði stefnanda borist yfirlýsing dánarbúsins um, að það vildi skjóta ákvörðun stefnanda frá 3. apríl til landbúnaðarráðherra, og skiptastjóri orðið við þeirri kröfu. Þá barst stefnanda einnig bréf frá stjórnarmanni stefnda SVFR, þar sem málsmæðferð er mótmælt. Með ódagsettri kæru, sem barst landbúnaðarráðuneyti 2. maí 1995, var ákvörðun stefnanda skotið þangað með heimild í 17. gr. jarðalaga. Var þess krafist, að hin kærða ákvörðun yrði felld úr gildi og úrskurðað yrði, að stefnandi hefði þar með glatað rétti sínum til þess að neyta forkaupsréttar eða ganga inn í kaupsamninginn.

Úrskurður ráðherra féll síðan 13. júní 1995. Kom þar meðal annars fram,

að stefnandi hefði beitt valdheimild sinni samkvæmt 30. gr. jarðalaga um að neyta forkaupsréttar án þess að gæta reglna stjórn-sýslulaga um andmæla-rétt, málið á engan hátt verið upplýst, áður en ákvörðun var tekin, og ekki gætt meðalhófsreglu. Þá hefði stefnandi ekki gætt réttra lagasjónarmiða jarðalaga við ákvörðun sína. Hefði stefnandi þannig engan viðhlítandi grundvöll lagt að ákvörðun sinni. Voru úrskurðarorð á þann veg, að felld var úr gildi ákvörðun stefnanda um að neyta forkaupsréttar að Syðribrú og viðurkennt, að stefnandi hefði glatað rétti sínum til að neyta forkaupsréttar að jörðinni.

III.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína á því, að kærendur hafi ekki verið réttir aðilar að kæru, þar sem þeim hafi hvorki verið skapaður sérstakur réttur né á þá lagðar skyldur umfram það, sem þeir hefðu sjálfir undirgengist, og hafi því ekki verið grundvöllur til að gefa þeim kost á andmælum skv. stjórn-sýslulögum. Stefnandi hafi einungis gengið inn í samninginn óbreyttan og þar með nýtt sér lögvarinn rétt sinn til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins, eins og honum var skylt skv. jarðalögum. Seljandi hafi enga lögvarða hagsmuni aðra en að fá kaupverðið greitt, og því sé ekki haldið fram í kæru, að hætta væri á misbresti í þeim efnum. Þá hljóti stefnandi að njóta þeirrar sjálfsögðu meginreglu réttarfarslaga, að misbrestur á, að formi sé fullnægt, leiði til frávísunar, en ekki efnisúrskurðar, eins og hér sé gert, og að stefnanda hefði átt að gefast tækifæri til að bæta úr formgöllum, ef ekki væri talið, að um aðildarskort væri að ræða.

Að því er efnishlið málsins varðar, telur stefnandi, að leggja verði höfuð-áherslu á, að stefnandi hefur lögvarinn rétt og raunar skyldu til að gæta þess, að búseta haldist á jörðum í samræmi við hagsmuni sveitarfélagsins og þeirra, sem landbúnað stunda. Ekki verði séð, að aðrir hafi úrlausnarrétt um það, hvernig þessir hagsmunir verði best tryggðir. Það sé eingöngu sveitarfélagsins að meta bæði þessi skilyrði jarðalaga með tilliti til þeirra búskapar- og búsetuhátta, sem tíðkist á hverjum tíma, en þeir séu t. d. allt aðrir en þeir voru við setningu jarðalaga fyrir 20 árum, og það hafi verið gert í þessu tilfelli, án þess að kæra hafi borist frá þeim aðilanum, sem hugsanlega hefði verið brotinn á réttur. Í raun hafi í kauptilboði SVFR þegar komið fram, hvernig félagið hygðist ráðstafa jörðinni, þ. e. með leigu-samningi við ábúanda, ef eftir yrði leitað, og þar með ljóst, að félagið ætlaði í engu að ganga lengra en stefnandi sjálfur var reiðubúinn að gera, þ. e. að halda jörðinni í byggð. Þá sé það einnig ljóst, að kaupandi bjóst alveg eins við því, að stefnandi gengi inn í kaupin, og áskildi sér í því tilviki, að stefn-

andi virti áður gerðan veiðileigusamning, eða endurgreiðslu á fyrir fram greiddri leigu annars. Þetta hefur stefnandi undirgengist með ákvörðun sinni um að neyta forkaupsréttar án nokkurra breytinga á samningnum. Þannig verður ekki séð, að stefnandi hafi gerst offari í afstöðu sinni og ákvörðun og að afstaða stefnda SVFR hafi legið fyrir frá upphafi.

Stefnandi telur, að við umfjöllun sína um málið hafi hann í öllu gætt réttra fundarreglna. Ákveðið hafi verið á fundinum 28. mars 1995 að halda sérstakan fund um málið eftir kynningu þess. Hafi sú ákvörðun verið gerð með hliðsjón af heimildum sveitarstjórnarlaga um aukafundi og ákvörðunin tekin á opnum fundi í viðurvist þeirra, sem þann fund sátu.

Þannig sé það deginum ljósara, að stefnandi eigi fullan rétt á að neyta lögboðsins forkaupsréttar og að ráðuneytið hafi ekki gætt réttra lagasjónarmiða við úrlausn málsins. Úrskurðurinn sé í raun úrlausn á hugsanlegum réttindum stefnda SVFR, en því séu ekki á neinn hátt gerð skil, í hverju réttur eða skyldur kærenda séu fólgnar. Sé úrskurðurinn því markleysa að formi til og efni, svo sem áður hefur verið rakið.

Af hálfu landbúnaðarráðherra er því haldið fram, að úrskurður hans frá 13. júní 1995 sé fyllilega lögmætur og að engin tilefni eða ástæður séu til þess að fella hann úr gildi. Er málatalbúnaði stefnanda og kröfum reistum á honum vísað á bug.

Því er haldið fram af hálfu stefnda landbúnaðarráðherra, að málskotsheimild 17. gr. jarðalaga eigi jafnt við um seljendur og kaupendur þeirra fasteigna, sem lögin ná yfir, svo og aðra, sem lögvarinna hagsmuna eiga að gæta. Lögum samkvæmt hafi ráðherra sem æðra stjórnvaldi verið skylt að endurskoða hina kærðu ákvörðun, þá er kæra var komin fram.

Ákvörðun stefnanda um að neyta forkaupsréttar samkvæmt 1. mgr. 30. gr. jarðalaga fól í sér beitingu valdheimildar til þess að hlutast til um eignarhald og nýtingu jarða í sveitarfélaginu, en heimildin felur í sér almenna takmörkun á eignarráðum fasteignareiganda. Ákvörðun stefnanda var stjórnvaldsákvörðun, sbr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Stefndi landbúnaðarráðherra telur, að stefnanda hafi borið að gæta ákvæða 1. gr. jarðalaga um efni þeirrar ákvörðunar, að neytt skyldi forkaupsréttar. Auk þess hafi stefnanda borið að gæta málsmeðferðarreglna stjórnarsýslulaga og sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Á þessu hafi orðið alvarlegur misbrestur, sem telja verði slíkan, að ákvörðun stefnanda hafi réttilega verið felld úr gildi.

Í bókun stefnanda um hina umdeildu ákvörðun voru ekki tilgreindar neinær þær ástæður, sem réttlættu hana í ljósi tilgangs jarðalaga, eins og honum er lýst í 1. gr. þeirra. Var ákvörðunin þannig án alls rökstuðnings og

áfátt um efni, en til þess að geta tekið ákvörðun á grundvelli forkaupsréttarheimildar jarðalaga var óhjákvæmilegt að afla allra nauðsynlegra upplýsinga, þ. á m. frá aðilum kaupsamningsins. Stefnandi virti þannig ekki reglur 10., 13. og 14. gr. stjórnisýslulaga.

Ákvörðun stefnanda um að neyta forkaupsréttar og koma þannig í veg fyrir frelsi aðila kaupsamningsins til að ráðstafa réttindum sínum var ekki nauðsynleg, til að tilgangi jarðalaga yrði náð, sbr. 12. gr. stjórnisýslulaga.

Aðilum kaupsamningsins eða öðrum þeim, sem lögvarinna hagsmuna áttu að gæta, var ekki tilkynnt um áform stefnanda, áður en ákvörðun var tekin um að neyta forkaupsréttar, og gafst þannig hvorki seljendum né kaupendum kostur á að lýsa sjónarmiðum sínum eða tjá sig, áður en ákvörðun var tekin, og engar upplýsingar frá þeim eða öðrum lágu fyrir stefnanda. Í þessu sambandi ber að árétta, að Stangaveiðifélag Reykjavíkur var aldrei spurt um fyrirætlanir sínar, en slíkar upplýsingar voru nauðsynlegar, áður en stefnandi tók ákvörðun um að neyta forkaupsréttar á grundvelli jarðalaga. Án þess að viðhlítandi upplýsingar lægu fyrir, var stefnanda ókleift að meta það, hvort lagaskilyrðum væri fullnægt, svo að neyta mætti forkaupsréttar samkvæmt jarðalögum.

Þá skírskotar stefndi landbúnaðarráðherra til þess, að fundur stefnanda 3. apríl 1995 hafi ekki verið auglýstur og dagskrá hans ekki legið fyrir. Stefnandi hafi því ekki fylgt ákvæðum 2. eða 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga né gefið öðrum kost á að tjá sig um ákvörðunina, áður en hún var tekin.

Af hálfu stefnda landbúnaðarráðherra er því mótmælt, að seljandi jarðarinnar hefi enga hagsmuni haft aðra en þá að fá kaupverðið greitt. Seljandi átti á sama hátt og kaupandi aðild að kærumáli því, sem úrskurðað var í á grundvelli 17. gr. jarðalaga, sbr. 26. gr. stjórnisýslulaga. Heimild 30. gr. jarðalaga er, sem fyrr segir, takmörkun á eignarréttindum og samningsfrelsi. Í meginreglu samningaréttar um frelsi til að ráðstafa réttindum sínum felst meðal annars frelsi til að velja sér gagnaðila við samningsgerð. Þar sem heimild 30. gr. jarðalaga skerðir það frelsi, varði ákvörðun á henni byggð seljanda jafnt sem kaupanda. Það, að fyrrgreindum reglum um málsmeðferð var ekki fylgt gagnvart meðstefnda, Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, svo og það, að efnisannmarkar voru á ákvörðun stefnanda, nægði hins vegar sjálfstætt til þess, að óhjákvæmilegt var að fella ákvörðun stefnanda úr gildi.

Því er mótmælt af hálfu stefnda landbúnaðarráðherra, að vísa hafi átt frá fram kominni kæru, þar sem um formgalla hafi verið að ræða, en ekki efnisannmarka. Vísar stefnandi þar til meginreglu réttarfarslaga og telur,

að gefa hafi átt stefnanda tækifæri til að bæta úr formgöllum. Ákvörðun stefnanda hafi sannanlega verið áfátt að efni til og um engar þær ástæður að ræða, sem valda hefðu átt frávisun stjórnslukærunnar. Þá var málsmeðferð svo áfátt sem fyrr greinir, að óhjákvæmilegt var að fella ákvörðunina úr gildi.

Af hálfu stefnda landbúnaðarráðherra er bent á, að síðbúin tilraun stefnanda til að bæta úr gallaðri meðferð málsins og telja ákvörðunina í raun tekna síðar, þ. e. 25. apríl 1995, gat ekki orðið lögmætur grundvöllur þeirrar valdbeitingar, sem stefnandi hugðist ná fram. Ákvörðun sú, sem stefnandi tók á fundi 3. apríl sama mánaðar, var sannanlega endanleg ákvörðun, svo sem bókun á fundinum ber með sér. Sú ákvörðun ein var tilkynnt aðilum kaupsamningsins, en ekki önnur.

Stefndi landbúnaðarráðherra mótmælir því, að leggja verði höfuðáherslu á það, að stefnandi hafi haft lögvarinn rétt og skyldu til að gæta þess, að búseta héldist á jörðum í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda, og að um mat á þeim skilyrðum hafi hann einn úrlausnarrétt. Ákvæði 17. gr. jarðalaga, sbr. 7. gr. laga nr. 28/1995, gera á hinn bóginn ráð fyrir, að landbúnaðarráðuneytið eigi mat um það sem æðra sett stjórnvald, hvort nefndum skilyrðum jarðalaga hafi verið fullnægt.

Þá er á það bent af hálfu stefnda landbúnaðarráðherra, að krafa stefnanda um að nýta forkaupsrétt að jörðinni Syðribrú byggist ekki á þeim sjónarmiðum, sem leggja verði til grundvallar samkvæmt 1. gr. jarðalaga. Í greinargerð stefnanda til ráðuneytisins frá 16. maí 1995 er lýst rökstuðningi hreppsins fyrir málatilbúnaði sínum. Var hann sá, að ábúð jarðarinnar yrði betur tryggð, ef stefnandi ætti hana; heppilegt væri fyrir hreppinn að eiga veiðirétt, skipuleggja sumarbústaðabyggð og hlúa að málefnum ferðamanna. Þá kom fram, að hreppurinn teldi heppilegt, að einhver sauðfjárbúskapur yrði rekinn á jörðinni, en engum áformum eða fyrirætlunum hreppsins var lýst þar að lútandi. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að þessar fyrirætlanir hafi verið betur komnar í höndum hreppsins en annarra í ljósi megintilgangs jarðalaga. Ekkert er heldur komið fram um það, að stefnandi sé betur í stakk búinn að tryggja ábúð á jörðinni en aðrir landsdrottnar. Víst er, að tilgangur jarðalaga er ekki sá að draga menn eða lögaðila í dilka eftir því, hver verði talinn heppilegastur eigandi jarða. Tilgangur jarðalaga er sá að sporna gegn röskun á búsetu fólks á dreifbýlissvæðum og tryggja til frambúðar búskaparnot af jörðum. Ákvörðun stefnanda eða dómkröfur hans hafa ekki verið reistar á þeim sjónarmiðum. Þar sem það var hins vegar ætlun kaupanda að leigja jörðina til áframhaldandi afnota þess, sem hafði áður umráð hennar, var hin umdeilda ákvörðun stefnanda þar að auki óþörf.

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi, að hann hafi „rétt til að neyta forkaupsréttar skv. nefndum kaupsamningi og ákvörðun sinni þar um hinn 25. apríl 1995“. Af hálfu stefnda landbúnaðarráðuneytisins er krafist sýknu af þessari kröfu stefnanda, verði talið, að unnt sé að leggja á hana dóm. Verður að telja, að krafa þessi hljóti að sæta frávísun ex officio. Málshöfðunarfrestur samkvæmt 33. gr. jarðalaga sé liðinn, að því er þessa kröfu varði, enda felur hún sjálfkrafa í sér kröfu um ógildingu á kaupsamningi meðstefndu, yrði hún tekin til greina. Allt að einu séu hagsmunir stefnanda um úrlausn á þessari kröfu liðnir undir lok við þær aðstæður.

Ekki verður séð, að ákvörðun frá 25. apríl 1995, hafi hún verið tekin, hafi sett betri málsmæðferð eða byggst á réttum lagasjónarmiðum frekar en sú, sem tekin var 3. apríl sama árs. Frestur sá, sem stefnandi hafði til að taka afstöðu til kaupsamningsins samkvæmt 32. gr. jarðalaga, rann út 27. apríl 1995. Framangreindir ágallar á ákvörðun stefnanda, sem ollu ógildi hennar, veittu nefndinni ekki heimild til að taka nýja ákvörðun og svara forkaupsréttartilboði, þegar fresturinn samkvæmt 32. gr. var liðinn. Þar sem fresturinn var löngu liðinn, er mál þetta var höfðað, eru engin efni til að taka viðurkenningarkröfu stefnanda til greina.

Sú er meginmálsástæða stefnda Stangaveiðifélags Reykjavíkur (SVFR), að úrskurður landbúnaðarráðuneytisins frá 13. júní 1995 sé bindandi fyrir stefnanda og honum því óheimilt að fá honum hrundið með atbeina dómstóla. Vísar stefndi SVFR í þessu sambandi til ákvæða VIII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um stjórnsýslukæru. Stefnandi sé bundinn af úrskurði æðra stjórnvalds og hafi sem lægra sett stjórnvald ekki lögvarða hagsmuni fyrir því að fá honum hnekkt.

Verði ekki fallist á þessa meginmálsástæðu stefnda SVFR, beri í máli þessu að hafa í huga, að úrskurður sá, sem stefnandi krefst ógildingar á, er nú formlega gildandi og kveðinn upp af til þess bærum aðila. Úrskurðurinn er því bindandi fyrir aðila málsins, nema hann verði ógiltur, svo sem kröfur stefnanda lúta að. Í þessu felst, að úrskurðurinn hefur stofnað SVFR rétt til þess að nýta sér samningsheimildir sínar um kaup á jörðinni Syðribrú í Grímsneshreppi. Áhrif úrskurðarins eru að þessu leyti ívilnandi fyrir SVFR, og verður honum þess vegna ekki breytt af stjórnvöldum, sbr. 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, nema hann sé ógildanlegur, svo sem stefnandi freistar með málsókn þessari að leiða í ljós. Aðild SVFR og hagsmunir þess af því, að úrskurður landbúnaðarráðuneytisins frá 13. júní 1995 standi óbreyttur, er því ótvíræð, eins og mál þetta horfir nú við. Engu skiptir í þessu efni, þó að SVFR hafi í upphafi ekki verið formlegur aðili kæru-

málsins, heldur einungis látið það til sín taka með fullum stuðningi við kröfur formlegs kæranda, db. Snæbjörns Guðmundssonar.

SVFR færir fram til stuðnings kröfum sínum um, að úrskurður landbúnaðarráðuneytisins frá 13. júní 1995 standi óhaggaður, meginmálsástæður kæranda í kæru til ráðuneytisins. Þessar meginmálsástæður eru, að stefnandi hafi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni né virt andmælarétt samningsaðila eða gætt meðalhófsreglu, sbr. 10., 12. og 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, svo og, að ákvörðun stefnanda hafi verið ólögmæt, þar sem ekki hafi verið boðað til fundar hreppsnefndar í samræmi við 50. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, og loks er það málsástæða SVFR, að ákvörðun stefnanda hafi ekki verið reist á réttum lagasjónarmiðum.

Ekki verður bókun stefnanda frá 3. apríl 1995 skilin á annan veg en þann, að endanleg ákvörðun hafi þá verið tekin um að neyta forkaupsréttar. Tilvísun til þess, að fullnægja þurfi lagaskilyrðum, verður ekki skilin sem fyrirvari um, að eftir sé að fullnægja skilyrðum stjórnarsýslulaga um t. d. andmælarétt, enda væri slíkur fyrirvari ólögmætur. Það liggur því fyrir, að stefnandi gaf hvorki SVFR né meðstefnda db. Snæbjörns Guðmundssonar kost á að tjá sig um forkaupsréttinn, áður en ákvörðun var tekin, svo sem boðað er í IV. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Stefnandi sinnti þannig hvorki rannsóknarskyldu sinni né virti hann andmælarétt samningsaðilanna. Hafi ný ákvörðun verið tekin af hálfu stefnanda um að nýta sér forkaupsréttinn 25. apríl 1995, svo sem stefnandi heldur fram, hefur hún ekkert gildi að lögum, og SVFR barst ekkert erindi um, að þá yrði fjallað endanlega um forkaupsréttarmálið; þess vegna var því aldrei gefinn kostur á að tjá sig um málið.

SVFR vísar í máli þessu enn fremur til þeirrar málsástæðu, svo sem rakið var, að fundur stefnanda 3. apríl 1995 hafi verið ólöglega boðaður, enda var hann haldinn á öðrum tíma en reglulegir fundir hreppsnefndar eru og ekki vitað, að hann hafi verið auglýstur.

Verði talið í máli þessu, að stefnanda hafi verið heimilt að taka nýja ákvörðun 25. apríl 1995 og meðstefnda db. Snæbjörns Guðmundssonar þar verið gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri, liggur fyrir, að SVFR var ekki gefinn kostur á því að tjá sig um fyrirætlunina. Engin þau gögn eru lögð fram af hálfu stefnanda, sem gera sennilegt, að SVFR hafi verið gefinn kostur á því að tjá sig um málið.

Vegna þessara annmarka komst stefnandi að rangri niðurstöðu, þegar hann ákvað að neyta forkaupsréttarins, þar sem skortur hans á upplýsingum frá málsaðilum leiddi til þess, að hann byggði niðurstöðu sína á röngum lagasjónarmiðum. Forkaupsréttur sveitarfélaga skv. jarðalögum nr. 65/1976

takmarkast við það að gæta þess, sem segir í 1. gr., „að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda“. Hefði stefnandi haft fyrir því að kynna sér fyrirætlan SVFR um ráðstöfun jarðarinnar, hefði verið öldungis óþarft að neyta forkaupsréttar, enda hefur nú komið í ljós og lá reyndar ávallt fyrir, að SVFR var reiðubúið til að leigja jörðina til frambúðarnota þess aðila, sem hefur haft umráð hennar undanfarin ár. Þetta kemur m. a. fram í kauptilboði.

Í rökstuðningi stefnanda fyrir ákvörðun sinni við meðferð málsins fyrir landbúnaðarráðuneytinu er því haldið fram, að stefnanda sé mikilvægt að eiga jörðina vegna legu hennar að hlið jarðarinnar Ásgarðs, sem var í eigu stefnanda. Stefndi SVFR heldur því fram, að rök þessi séu ekki trúverðug, með hliðsjón af því, að stefnandi hefur selt Ásgarðsjörðina einstaklingum á Selfossi, sem óljóst er um, hvort nýti hana til hefðbundins landbúnaðar.

Stefndi gekk því lengra en þörf var á, en það er í andstöðu við meðal-hófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga. Þegar þessi sjónarmið eru metin, verður auðvitað að leggja til grundvallar þá staðreynd, að eignarrétturinn er friðhelgur og nýtur sérstakrar verndar skv. stjórnarskránni og að allar heimildir, sem takmarka forræði manns á eignum sínum, verður að skýra þröngt. Þá verður og að hafa að leiðarljósi, að virt sé frelsi manna til að ráðstafa eignum sínum með löggæringum.

Hvort tryggja má ábúð á jörðinni til frambúðar, er undir öðru komið en ákvörðun stefnanda um að neyta forkaupsréttar. Sá kvóti, sem þar er fyrir hefðbundna sauðfjárrækt, er svo lítill, að hann dugir ekki einum manni til framfæris. Annar búskapur er ekki á jörðinni. Það er skoðun SVFR, að tómstundabúskapur með þessum hætti fari ekki saman við heildarhagsmuni bænda og þeirra, sem landbúnað stunda. Hvort einhver óhefðbundinn búskapur er nú stundaður að Syðribrú, er SVFR ekki kunnugt, en spurningar um framhald í þeim efnum hafa af hálfu stefnanda ekki verið bornar upp við SVFR.

SVFR vekur athygli á ákvæði 3. gr. laga nr. 28/1995, sem nægilegt á að vera til þess að tryggja það markmið, sem stefnandi hefur gefið í skyn, að hafi verið ástæða ákvörðunar hans um að neyta forkaupsréttar.

Það er því ljóst, að unnt var að tryggja þessa hagsmuni með vægari aðgerðum en neyta forkaupsréttar. Samkvæmt 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 átti stefnandi því ekki að neyta forkaupsréttar, heldur kappkosta að ná markmiðum sínum með vægari aðgerðum.

Af hálfu stefnda db. Snæbjörns Guðmundssonar er tekið undir máls-ástæður stefnda Stangaveiðifélags Reykjavíkur og byggt á sömu máls-ástæðum.

IV.

Á reglulegum fundi hreppsnefndar Grímsneshrepps, sem haldinn var 23. mars 1995, var lagður fram til kynningar kaupsamningur milli stefndu db. Snæbjörns Guðmundssonar og Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Heldur stefnandi því fram, að á þeim fundi hafi verið ákveðið að boða til aukafundar um málið. Ekki liggur þó fyrir nein bókun um slíka ákvörðun.

Aukafundur hreppsnefndar var haldinn 3. apríl 1995. Stefnandi hefur ekki haldið því fram, að sá fundur hafi verið auglýstur í samræmi við 2. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, né heldur, að dagskrá hafi legið frammi skv. 3. mgr. sömu lagagreinar, en á fundinum var bókað:

„Hreppsnefnd Grímsneshrepps samþykkir að nýta sér forkaupsrétt að jörðinni Syðribrú, Grímsneshreppi, skv. fram lögðum kaupsamningi, dagsettum 20. febrúar 1995, fyrir 16.600.000 kr. að fullnægðum lagaskilyrðum. Kaupsamningur barst hreppsnefnd 28. mars 1995. Samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum.“

Á fundi hreppsnefndar 25. apríl 1995 er undir 2. tölulið fjallað um mál efni Syðribrúar og gerð bókun um málið. Í bókuninni er þess fyrst getið, að Snæbjörn Guðmundsson hafi vikið af fundi vegna vanhæfis, og síðan þess, að borist hafi símbréf þess efnis, að meiri hluti erfingja í db. Snæbjörns Guðmundssonar hafi ákveðið að skjóta ákvörðun hreppsnefndar um forkaupsréttinn til landbúnaðarráðuneytisins. Síðan er bókað: „Hreppsnefnd Grímsneshrepps stendur við ákvörðun sína frá 3. apríl 1995 um forkaupsrétt að jörðinni Syðribrú. Oddvita er heimilað að útvega fjármagn til þess að fullnægja greiðslum samkvæmt kaupsamningi.“

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að fullnaðarákvörðun um að neyta forkaupsréttarins var tekin á fundinum 3. apríl 1995, og með orðunum „stendur við ákvörðun sína“ í bókuninni 25. apríl var verið að áretta þá ákvörðun, sem tekin hafði verið á fundinum 3. apríl 1995.

Í máli þessu er ekki um það deilt, að umrædd fasteign, Syðribrú, fellur undir ákvæði IV. kafla jarðalaga. Seljandi, db. Snæbjörns Guðmundssonar, bauð réttilega Grímsneshreppi forkaupsrétt að jörðinni samkvæmt þeim kaupsamningi, sem gerður hafði verið við Stangaveiðifélag Reykjavíkur.

Ákvörðun sveitarstjórnar Grímsneshrepps á fundi sínum 3. apríl 1995 var stjórnvaldsákvörðun, sbr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Bar því að gæta þeirra lagareglna, sem fram koma í þeim lögum, auk reglna jarðalaga nr. 65/1976 og sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Áður en sveitarstjórn tók ákvörðun sína 3. apríl 1995, bar henni að leita umsagnar málsaðila samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga. Sveitarstjórn lét það undir höfuð leggjast og fullnægði þannig ekki þeirri rannsóknarskyldu, sem

henni var á herðar lögð. Eftir að ákvörðunin var tekin, kynnti sveitarstjórn bókunina seljanda eignarinnar, stefnda db. Snæbjarnar Guðmundssonar, með bréfi, dagsettu sama dag. Var óskað eftir, að athugasemdir, ef um þær væri að ræða, yrðu sendar hreppsnefnd fyrir 24. apríl 1995.

Jafnframt var að sögn stefnanda afrit bréfsins sent stefnda SVFR, en stefnda SVFR heldur því fram, að ekkert slíkt bréf hafi borist sér. Þá heldur stefnandi því fram, að oddviti stefnanda hafi rætt í síma við formann stefnda SVFR, sem þá hafi verið staddur í veiðihúsi stefnanda við Ásgarð, og hafi hann engar athugasemdir haft fram að færa, enda var forkaupsrétturinn nýttur án nokkurra breytinga á samningsákvæðum. Af hálfu stefnda Stangaveiðifélags Reykjavíkur er synjað fyrir, að slíkt símtal hafi farið fram. Verður því að leggja til grundvallar í máli þessu, að stefnandi hafi vanrækt að kynna Stangaveiðifélagi Reykjavíkur fyrirætlun sína.

Með því að hundska rétt málsaðila til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum um hugsanlega beitingu forkaupsréttar, áður en ákvörðunin var tekin, hefur stefnandi brotið gegn rannsóknarreglunni, sem fram kemur í 10. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993, og þá einnig gegn andmælareglunni, sem er í 13. gr. sömu laga.

Með ódagsettri kæru, sem barst landbúnaðarráðuneytinu 2. maí 1995, kærði db. Snæbjörns Guðmundssonar þá ákvörðun hreppsnefndar Grímsneshrepps að neyta forkaupsréttar að jörðinni Syðribrú í Grímsneshreppi. Kærandi var seljandi jarðarinnar. Var gerð krafa um, að hin kærða ákvörðun yrði felld úr gildi og úrskurðað, að hreppurinn hefði glatað rétti sínum til þess að neyta forkaupsréttar eða ganga inn í kaupsamninginn.

Samkvæmt 17. gr. jarðalaga nr. 65/1976 er heimilt að skjóta til landbúnaðarráðuneytisins innan eins mánaðar ákvörðunum sveitarstjórnar samkvæmt lögum þessum. Ekki fellst í ákvæðinu nein takmörkun á því, hverjir geti átt aðild að slíkri kæru. Verður því óhjákvæmilega að líta svo á, að um þetta gildi 26. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993, en þar segir, að aðilum máls sé heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun. Db. Snæbjörns Guðmundssonar er aðili að þeim kaupsamningi, sem fjallað er um í máli þessu, og þurfi ekki að rökstyðja, hvers vegna málið hafi verið kært. Verður því að hafna þeirri málsástæðu stefnanda, að kærendur hafi ekki átt aðild að málinu.

Eftir að landbúnaðarráðuneytið hafði aflað gagna í samræmi við stjórnssýslulög, var 13. júní 1995 kveðinn upp úrskurður, og voru úrskurðarorð svohljóðandi: „Felld er úr gildi ákvörðun hreppsnefndar Grímsneshrepps frá 3. apríl 1995 um að neyta forkaupsréttar að jörðinni Syðribrú, Grímsneshreppi, Árnessýslu, í tilefni kaupsamnings db. Snæbjörns Guðmundssonar og Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Viðurkennt er, að hrepps-

nefnd Grímsneshrepps hafi glatað rétti sínum til að neyta forkaupsréttar að jörðinni Syðribrú samkvæmt kaupsamningi, dags. 20. febrúar 1995.“

Framangreindur úrskurður var kveðinn upp af til þess réttbæru stjórnarsýsluyfirvaldi. Ekki er annað komið fram í málinu en farið hafi verið eftir reglum stjórnarsýslulaga um meðferð kærumálsins og þar hafi réttra lagasjónarmiða verið gætt. Verður því með vísan til ofanritaðs að synja kröfu stefnanda um, að úrskurður landbúnaðarráðuneytisins frá 13. júní 1995 verði felldur úr gildi.

Samkvæmt 32. gr. jarðalaga er sveitarstjórn settur 30 daga frestur til þess að nýta sér forkaupsrétt. Erindi db. Snæbjörns Guðmundssonar barst hreppsnefnd Grímsneshrepps 28. mars 1995, og tók hún hina kærðu ákvörðun um að neyta forkaupsréttar á fundi sínum 3. apríl. Tími til þess að endurskoða ákvörðun hreppsnefndar og taka á löglegan hátt nýja ákvörðun í samræmi við reglur stjórnarsýslulaga var því liðinn daginn eftir, að landbúnaðarráðuneytinu barst kára db. Snæbjörns Guðmundssonar. Verður þannig ekki breytt þeirri ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, er felst í framangreindum úrskurði, og ber því að hafna kröfu stefnanda um viðurkenningu á rétti til að neyta forkaupsréttar samkvæmt nefndum kaupsamningi og ákvörðun sinni þar um 25. apríl 1995.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður því að sýkna stefndu, landbúnaðarráðherra, db. Snæbjörns Guðmundssonar og Stangaveiðifélag Reykjavíkur, af öllum kröfum stefnanda, Grímsneshrepps. Með vísan til þessarar niðurstöðu þykir rétt, að stefnandi, Grímsneshreppur, greiði stefndu, landbúnaðarráðherra, db. Snæbjörns Guðmundssonar og Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 120.000 kr., til hvers þeirra.

Kristján Torfason dómstjóri kvað upp dóm þennan, en dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna og veikinda dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndu, landbúnaðarráðherra, kt. 710169-0559, Sölvhólgötu 7, Reykjavík; db. Snæbjörns Guðmundssonar, kt. 031197-0588, Selfossi, og Stangaveiðifélag Reykjavíkur, kt. 620269-3799, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, eru sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, hreppsnefndar Grímsneshrepps, kt. 580169-1719, Félagsheimilinu Borg, Grímsneshreppi.

Stefnandi, hreppsnefnd Grímsneshrepps, greiði stefndu, landbúnaðarráðherra, db. Snæbjörns Guðmundssonar og Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, málskostnað, 120.000 kr., til hvers þeirra.